

## Stjórnarfundur JA á Ísl – 4. september 2024

Mættir: Ágúst, Aníta, Hjördís, Ástrós, Helga og Sigþóra

- Fjármál
  - Rúmlega 477 þús til á reikningi félagsins. Innheimta félagsgjalda áformuð nú í september, það ætti að skila um 600 þús ef allt gengur upp. Einnig til töluverður bókalager þannig að í heildina tekið er staðan ágæt. Aníta sendir Ágústi bankayfirlit fyrir fyrri helming ársins til að ganga frá hálfárs uppgjöri fyrir PDA.
- Námskeiðahald
  - Áformuðu námskeiði fyrir stýrihópa í ágúst aflýst vegna lítillar þátttöku.
  - 23 þátttakendur voru á 2ja daga grunnskólanámskeiði í ágúst. ÁFJ og Aníta fara í nokkra skóla með námskeið þetta haustið.
  - Leikskólanámskeið á dagskrá í september, fín skráning á það.
  - Spurning hvað á að gera við styrk frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla? Þælingar um hugsanlega netfundi/námskeið fyrir stýrihópa í skólum. Ákveðið að auglýsa annað stýrihópanámskeið og láta reyna á mætingu. Ágúst og Aníta skoða það mál.
  - Umræður um ferð á Think tank í Barcelona í október. Lítur ekki út fyrir fjölmenna sendinefnd frá Íslandi en við munum þó eiga fulltrúa þarna. Hugmyndir um að halda ráðstefnuna hér á landi árið 2026 ræddar.
- Verkfæraspjöld þýðing og útgáfa
  - ÁFJ búinn að þýða og AJ að lesa yfir. Komin „tilraunaútgáfa“ úr prentun erlendis. Spurning hvort það þarf að stækka letur á spjöldunum, það er í minnsta lagi. Kostnaður við þessa útgáfu er um 2700 kr. á stokkinn (prentun og sending á 250 stykkjum kostar 670 þús kr.). Hugmyndin var að gefa félagsmönnum einn stokk. Ákveðið að Ágúst athugi með að panta stokka fyrir félagsmenn og síðar verði þá prentaðir stokkar til sölu og þá jafnvel með stærra letri ef þurfa þykir.
- Skipulag fræðslu- og umræðufunda
  - Verða 2. mánudag í mánuði kl. 15:30-16:30 á ZOOM
  - Ákveðið umræðuefni á fyrsta fundi þann 16. sept – Bekkjafundur, stuðningur við fyrstu skref.
  - Dagskrá vetrarins útfærð nánar á næsta fundi. Hugmyndir:
    - Ath - Fylgja umræðufundum samtakanna úti, ath Lab skólana. Helga skoðar
    - 14. okt – Lausnahjólíð?
    - 11. nóv – Bekkjasáttmálar og störf?
    - 9. des – JA á unglingsstigi?
    - 13. jan – Verkfæri???
    - 10. feb – Mistök og heilinn
    - 10. mar – Hvað ef JA virkar ekki?
    - 7. apr – Áföll í lífi barna
    - 12. maí – Matslistar oþh
    - Leikskólastigið??

Næsti fundur 25. september kl. 16:30